

## **61. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 05.12.2012**

**Mættir:** Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir og Helgi Stefánsson.

### **Fundarefni.**

#### **Aukin völd hverfisnefndar.**

Nefndarmenn ræddu þessa ákvörðun framkvæmdaráðs sem nefndin heyrði fyrst af í fjölmiðlum en var afar ánægð með.

*Hér má sjá auglýsinguna sem var í blaðinu Akureyri dags. 22.11.2012*

#### **„Aukin völd hverfisnefnda Akureyrarbæjar**

*Framkvæmdaráð Akureyrarbæjar hefur ákveðið að starfandi hverfisnefndir á Akureyri fái hver um sig tvær milljónir króna til ráðstöfunar í umhverfismálum innan síns hverfis á árinu 2013. Þá er einnig gert ráð fyrir að hverfisráðin í Hrísey og Grímsey fái eina milljón króna hvort sem varið verði til uppbyggingar í umhverfismálum. Þeir fjármunir sem lagðir verða til hverfisnefnda og –ráða eru hluti af afmælisgjöf bæjarstjórnar Akureyrar til að bæta umhverfi íbúa sveitarfélagsins í tilefni af 150 ára afmæli kaupstaðarins. Nú eru einungis starfandi hverfisnefndir í Naustahverfi, Lunda- og Gerðahverfi og Holta- og Hlíðahverfi, auk hverfisráðanna í Grímsey og Hrísey. Framkvæmdaráð vonast til að með þessu framlagi megi efla og virkja betur þær nefndir sem nú þegar eru starfandi og blása nýju lífi í starf þeirra nefnda sem lagst hafa í dvala.“*

Ýmsar hugmyndir um notkun fjármagnsins komu frá nefndarmönnum.

Þá barst nefndinni erindi í tölvupósti frá hverfisíbúa sem vakti athygli á Seljahlíðarreitnum. Í erindinu var velt upp hugmyndum að notkun hans. Ræddu nefndarmenn þessa hugmynd aðeins og ákveða að halda henni áfram á næsta fundi.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 8. janúar 2013 kl. 18:00 í Glerárskóla.  
Ritað 05. desember 2012  
Brynja